



## Fundur Menningar- og bókasafnsnefndar

**1. fundur Menningar- og bókasafnsnefndar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn þriðjudaginn 8. Mars og hófst kl. 17:00.**

**Mættir voru:** Heiðrún Óladóttir, Guðjón Gamalíelsson og Líney Sigurðardóttir.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

**1. Kosning varaformanns.**

Guðjón Gamalíelsson var kosinn varaformaður.

**2. Hlutverk nefndarinnar.**

Umræður urðu um hlutverk nefndarinnar. Þar á meðal er ákvæði um að veita árleg menningarverðlaun. Nefndin telur varla grundvöll fyrir árlegum menningarverðlaunum í þetta litlu sveitarfélagi og óskar eftir því að orðið „árleg“ verði fjarlæggt úr samþykktunum og að setningunni verði breytt þannig: *Að veita menningarverðlaun eftir nánari úkvörðun nefndarinnar ef tilefni verður.*

**3. Erindi frá Eyþóri Atla Jónssyni og Hilmu Steinarsdóttur**

Um minnisvarða í Langanesbyggð þar sem þau lýsa yfir áhuga á að upplýsingaskilti verði sett upp við þá minnisvarða sem búið er að setja upp í Langanesbyggð þ.e. Við Djúpalæk, í skrudgarði og í Skoruvík. Nefndin fagnar erindinu sem hún telur brýnt og leggur til að leitað verði til Grétu Bergrúnar Jóhannesdóttur á grundvelli samstarfssamnings við Þekkingarnet Þingeyinga.

**4. Fundartímar og boðun þeirra.**

Nefndin mun halda sig við að hafa ekki færri en 8 fundi á ári samkvæmt samþykktum og er heimilt að boða fundi rafrænt. Formaður boðar fundi.

**5. Önnur mál.**

Rætt um innsiglingarvörður við Fossá og Heiðarhöfn. Þessar minjar þarf að varðveita og mun nefndin kynna sér hvort það verkefni er ekki styrkhæft þar sem þarna er um menningarverðmæti að ræða.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 17:57

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.